

## Opið bréf til Steingrím J. Sigfússonar

Það er ekki af ánægjulegu tilefni að ég skrifa þér þetta bréf Steingrímur. Nú lýtur út fyrir að þú og nokkrir þingmenn Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs ætli að greiða götu aðildarumsóknar Ísland að Evrópusambandinu. Fyrir þessu ætlar þú að standa þrátt fyrir að alla tíð og einnig í aðdraganda síðustu kosninga hafir þú alfarið hafnað inngöngu Íslands í sambandið og farir fyrir stjórn málafllokki sem segir í stefnuskrá sinni orðrétt "*Hugsanlegur ávinningur af aðild Íslands að Evrópusambandinu réttlætir ekki frekara framsal á ákvörðunarrétti um málefni íslensku þjóðarinnar og er aðild að Evrópusambandinu því hafnað*". Ef að Vinstri hreyfingin grænt framboð stendur að aðildarumsókn að Evrópusambandinu er flokkurinn að segja að það sé ásættanlegt að Ísland gangi í Evrópusambandið að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og ganga þar með gegn eigin stefnu þar sem inngöngu í sambandið er með öllu hafnað.

Hvernig má það vera að eftir á allt sem undan er gengið og skýra stefnu flokksins í þessum málafllokki ætlir þú Steingrímur J. Sigfússon að styðja frumvarp um aðildarumsókn Ísland að Evrópusambandinu. Ef ekki hafa orðið sinnaskipti hjá þér þá hlýtur að vera ætlan þín að flækjast fyrir málinu á öðrum stigum málsins. Ef svo er ert þú farinn að stunda þau klækjastjórnsmál sem að mínu viti var verið að berjast gegn í búsaðhaldarbyltingunni og Vinstrihreyfingin grænt framboð hefur svo oft fordæmt.

Með því að segja já við frumvarpi ríkisstjórnarinnar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu þá gerir þú þig að ómerkingi orða þinna en það sem verra er þá gerir þú mig og alla þá sem börðust fyrir flokkinn í aðdraganda síðustu kosninga að ómerkingum orða sinna. Sjálfur fékk ég 50 manns til þess að skrá sig í flokkinn fyrir síðustu kosningar og það var klárt í mínum huga og í orðræðum mínum við það fólk að aldrei myndi flokkurinn taka þátt í því að færa Ísland nær Evrópusambandinu.

Nú hlakkar í andstæðingum Vinstri grænna og segja ágrenning innan hreyfingarinnar til marks um sundrunu vinstri manna. Ég segi ágrenninginn til marks um staðfestu og trú fólks á skoðanir sínar og að vinstri menn láti ekki afvegaleiða sig þótt fáeinir forystu menn misstygi sig. Mín hollusta lítur ekki að ákveðnum foringja eða stjórn málaflökkinum heldur lýtur mín hollusta að Íslandi og engu öðru.

Ég hef rætt við marga innan hreyfingarinnar og ekki enn fundið neinn sem er sammála þeirri leið sem þú og meiri hluti þingmanna okkar ætlar að fara. Hér að neðan skrifa einnig undir bréfið nokkrir af félögum okkar úr norðaustur- kjördæmi til þess að þú

vonandi skynjir hug félaga þinna og kjósenda sem á engan hátt skildu þig á þann veg í aðdraganda kosninganna að þú myndir segja já við aðildar umsókn Íslands að Evrópusambandinu. Þú varst ekki kosinn á Alþingi Íslendinga af kjósendum Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs til þess að samþykkja þesslags frumvarp.

Kveðja

Guðbergur Egill Eyjólfsson Flokksbundinn Vinstri grænn

Þeir sem lýsa yfir stuðningi við bréfið og innihald þess eru eftirfarandi

Þorsteinn Bergsson	5. sæti á lista VG í norðaustur kjördæmi
Ingunn Kristjana Snædal	8. sæti á lista VG í norðaustur kjördæmi
Ásmundur Páll Hjaltason	9. sæti á lista VG í norðaustur kjördæmi
Ásta Svavarsdóttir	10. sæti á lista VG í norðaustur kjördæmi
Kári Gautason	11. sæti á lista VG í norðaustur kjördæmi
Hrafnkell Lárusson	13. sæti á lista VG í norðaustur kjördæmi
Björgvin R. Leifsson	Kjördæmisráði norðaustur kjördæmis VG
Guðsteinn Hallgrímsson og Héraði	Stjórn svæðisfélags VG í Seyðisfirði, Borgarfirði eystri
Ásmundur Þórarinsson og Héraði	Stjórn svæðisfélags VG í Seyðisfirði, Borgarfirði eystri
Baldvin H. Sigurðsson	Bæjarfulltrúi VG á Akureyri
Ólafur Þ. Jónsson	Skipasmiður